

Borgarstjórn Reykjavíkur
1. apríl 2025

Tillaga borgarfulltrúa Viðreisnar um breytingar á Reykjavíkflugvelli sem snúa að einkapotum, almennri þyrluumferð ásamt einka- og kennsluflugi

Lagt er til borgarstjóra verði falið að ganga til samninga við yfirvöld um að færa umferð einkapotna og almennt þyrluflug frá Reykjavíkflugvelli hið fyrsta. Einnig er lagt til að viðræður verði hafnar á ný um að staðið verði við ákvæði samnings síðan 23. október 2013 undirrituðum af þáverandi borgarstjóra og innanríkisráðherra þar sem segir m.a. að innanríkisráðuneytið og Isavia hafi forgöngu um að kennslu- og einkaflugi verði fundinn nýr staður í nágrenni borgarinnar. Markmiðið með tillögunni er að skapa sátt um áætlunar- og sjúkraflug næstu 15-20 árin á Reykjavíkflugvelli. Markmið tillögunnar er tryggja áætlunar- og sjúkraflugi þá umgjörð sem þarf til næstu 15-20 ára en um leið að draga úr mengun, slyshættu og ónæði fyrir íbúa í nágrenni flugvallarins.

Greinargerð

Það er stefna Viðreisnar að innanlandsflugi verði í framtíðinni fundinn annar staður. Það er hinsvegar ljóst að það verður ekki gert fyrir árið 2040 miðað við hvernig mál hafa þróast á Suðurnesjum hvað varðar jarðhræringar. Ljóst er að ekki verður byggður flugvöllur í Hvassahrauni í bráð og ekki hefur verið fundið nýtt svæði fyrir innanlandsflug.

Af stöðunni verður að draga þá ályktun að sjúkra- og áætlunarflug muni verða á Reykjavíkflugvelli næstu 15-20 árin og mikilvægt að tryggja því þá umgjörð sem þarf. Draga þarf úr mengun, slyshættu og ónæði fyrir íbúa í nágrenni eins og hægt er og tryggja þarf sátt um komandi ár. Ljóst er að mikil óánægja er með að einkapotur lendi og hafi aðsetur á Reykjavíkflugvelli ásamt því að mikið ónæði er af almennu þyrluflugi ásamt einka- og kennsluflugi. Fyrir eru samningar síðan 2013 um að finna einka- og kennsluflugi nýjan stað og mikilvægt að taka þá vinnu aftur upp nú þar sem ljóst er hvernig næstu 15-20 ár verða á flugvöllinum. Viðreisn leggur áherslu á að tryggja áætlunar- og sjúkraflug en mjög auðvelt er að finna öðru flugi nýjan stað. Dæmi um það er Keflavíkflugvöllur, gamli Keflavíkuvöllur eða á Suðurlandi.